

<b>Fundarnúmer:</b>	152
<b>Dagsetning:</b>	18.12.2008
<b>Tími:</b>	15:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008 fimmtudaginn 18. desember kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl 15:00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund.

Í upphafi gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins verði tekin sem 2. dagskráliður: Ákvörðun um álagningarreglur útsvars árið 2009. Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

### **Gengið var til dagskrár**

**1. Fjárhagsáætlun 2009 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Síðari umræða.** Sveitarstjóri og skrifstofustjóri kynntu áætlunina og þær breytingar sem gerðar hafa verið tillögur um á milli umræðna. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki.“ Ennfremur var lögð fram svohljóðandi bókun frá sveitarstjórn í tengslum við afgreiðslu áætlunarinnar: „Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar ársins 2009 hófst í októbermánuði s.l. þ.e. um það leyti sem hin alþjóða fjármálakreppa hafði náð tökum á íslensku efnahagslífi. Við þær breyttu aðstæður sem þá sköpuðust var ljóst að vinna við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins yrði erfiðari en áður þar sem mikil óvissa ríkti um megin forsendur hennar. Fulltrúar í meiri- og minnihluta sveitarstjórnar hafa unnið saman að gerð fjárhagsáætlunarinnar fyrir komandi rekstrarár ásamt sveitarstjóra og skrifstofustjóra. Við fjárhagsáætlunargerðina hefur sveitarstjórn Húnaþings vestra lagt fram þá megin áherslu að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins þrátt fyrir fyrirsjáanlegan tekjusamdrátt. Engu að síður gerir fjárhagsáætlun ársins 2009 ráð fyrir nokkurri fjárfestingu og framkvæmdum. Einhugur er meðal sveitarstjórnarmanna um þá áherslu að vörukaup og þjónusta verði eins og frekast er kostur sótt til rekstraraðila innan sveitarfélagsins. Vegna þeirrar óvissu sem ríkir um ákveðnar forsendur fjárhagsáætlunarinnar m.a. hvað varðar tekjur og aðgengi að lánsfé verður þó að hafa fyrirvara á einstökum ákvæðum hennar og á það bæði við um rekstur og framkvæmdir. Sveitarstjórn Húnaþings vestra er sammála um að fjárhagsáætlun ársins 2009 verði tekin til endurskoðunar í aprílmánuði nk. Þá beinir sveitarstjórn þeim tilmælum til forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins að á árinu 2009 beiti þeir sér fyrir 3-5% rekstrarhagræðingu í þeim málaflokkum sem undir þá heyra. Tillagan ásamt bókun borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**2. Ákvörðun um álagningu útsvars árið 2009.** Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að nýta hámarksheimild til álagningar útsvars á tekjuárinu 2009. Fyrir alþingi liggur frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem m.a. kveður á um heimild til sveitarstjórna um hækkun hámarksútsvars úr 13,03% í 13,28%. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:15

Ólafur B. Óskarsson (fundarritari)(sign.),

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Rakel Runólfssdóttir(sign.),

P. Karl Eggertsson(sign.),

Oddur Sigurðarson(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.),

Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Guðrún Ragnarsdóttir(sign.).